

# Mat á starfi leikskólans Furuborgar

1998

Kristín Karlsdóttir

## **Niðurstöður í hnotskurn.**

Stjórnun og innra starf á leikskólanum Furuborg er mjög gott.

Gera þarf nokkrar lagfæringar á húsnæði og starfsaðstöðu.

Ytra stjórnunarlegt samhengi leikskólans er í einstaka atriðum á skjön við reglugerðir, vegna þess að sjúkrastofnun rekur leikskólann en ekki sveitarfélag.

Reykjavík 12. maí 1998

Kristín Karlsdóttir

—

## Efnisyfirlit

Skilgreining verkefnisins .....	1
Leikskólinn Furuborg.....	1
Framkvæmd verkefnisins .....	2
Aðstaða í leikskólanum, húsnæði, útileiksvæði, leikföng, starfsfólk .....	4
Stjórnun skólans, rekstur hans og sérstaða .....	8
Börnin í skólanum.....	11
Námsþættir í skólastarfinu: þroskamiðað nám, færnimiðað nám, samfélagsmiðað nám. Námskrá/uppelísáætlun. ....	12
Samskipti innan skólans, samstarf og starfsandi.....	14
Samskipti og samstarf við umhverfi skólans .....	17
Viðhorf foreldra til skólastarfsins.....	18
Umbætur í kjölfar verkefnisins: “Gæði í uppeldisstarfi í leikskólanum Furuborg” .....	18
Niðurstöður.....	19
Heimildaskrá.....	23

Fylgiskjal 1: Könnun meðal starfsfólks í leikskólanum Furuborg.

Fylgiskjal 2: Námsleiðir í Furuborg.

Fylgiskjal 3: Námsleiðir og skipulag.

# Mat á starfi leikskólans Furuborgar

## Skilgreining verkefnisins

Menntamálaráðuneytið fór þess á leit við Kristínu Karlsdóttur leikskólakennara og kennara við leikskólaskor Kennaraháskóla Íslands að gera úttekt á leikskólanum Furuborg. Úttektinni er ætlað að leggja mat á það hvort starfsemi leikskólans sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og uppeldisáætlunar fyrir leikskóla. Til grundvallar við úttektina er jafnframt lögð til skýrsla Furuborgar “Til þess er leikurinn gerður” sem greinir frá þróunarverkefni leikskólans og var gefin út 1997. Einnig skal tekið mið af ársskýrslu skólans til menntamálaráðuneytisins fyrir árið 1996. Mat þetta er hugsað sem fyrirmynd að mati á öðrum leikskólum landsins, en áformað er að gera mat á einum til tveimur íslenskum leikskólum árlega í nánustu framtíð.

Úttektin beinist sérstaklega að eftirtöldum þáttum:

- Aðstaða í leikskólanum, húsnæði, útileiksvæði, leikföng, starfsfólk.
- Stjórnun skólans, rekstur hans og sérstaða.
- Börnin í skólanum.
- Námsþættir í skólastarfinu: Þroskamiðað nám, færnimiðað nám , samfélagsmiðað nám og vægi þessara þátta. Námskrá/uppeldisáætlun.
- Samskipti innan skólans, samstarf og starfsandi.
- Samskipti og samstarf við umhverfi skólans, þ.m.t. foreldra.
- Viðhorf foreldra til skólastarfsins.
- Umbætur í kjölfar verkefnisins: “Gæði í uppeldisstarfi í leikskólanum Furuborg” og áhrif verkefnisins á gæði skólastarfsins.

## Leikskólinn Furuborg.

Leikskólinn Furuborg var opnaður í september 1986. Sérstaða hans felst meðal annars í því að hann er einn af þremur leikskólum sem reknir eru af Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Í stjórnskipulagi sjúkrahússins fellur leikskólareksturinn undir starfsmannþjónustu og eru reglur fyrir reksturinn samþykktar af stjórn Sjúkrastofnana Reykjavíkur og starfsfólk leikskólans er launað af Sjúkrahúsinu.

Aðrir þættir sem eru frábrugðnir því sem gerist á öðrum leikskólum eru: stærð deilda, dvalartími barna og fjöldi þróunarverkefna á síðustu tíu árum.

### Stærð deilda.

Í leikskólanum eru 46 börn í 40 rýmum. Börnin eru á aldrinum 1-6 ára og eru þau á fjórum aldursskiptum deildum. Deildarnar eru því fámennari en almennt er í íslenskum leikskólum.

### Dvalartími barna.

Einnig er dvalartími barnanna frábrugðinn því sem gerist í öðrum leikskólum, en öll börn eru allan daginn með 8-9 klukkustunda viðveru. Viðvera barnanna miðast við vinnutíma foreldranna, en mörg eru þau 4 daga í viku í leikskólanum. Það er því nokkuð um það að 5 börn deili með sér 4 plássum.

### Þróunarverkefni

Frá stofnun Furuborgar hefur Hrafnhildur Sigurðardóttir verið leikskólastjóri og hluti starfsfólksins hefur einnig starfað lengi. Fyrstu árin í starfi leikskólans fóru í nokkurs konar aðlögun, en svo hóf starfsmannahópurinn að vinna með samskiptaprógramm sem þær kölluðu: “Litrík samskipti”. Verkefninu er lýst í “Fóstru”, tímariti sem gefið var út af Fóstrufélagi Íslands (Hrafnhildur Sigurðardóttir, 1990). Veturinn 1990-1991 var unnið umhverfisverkefnið “Vatnið”, sem var þáttur Furuborgar í samvinnuverkefni ýmissa aðila og var verkefnið unnið í tengslum við norrænt umhverfisár. Leikskólakennarar Furuborgar gáfu út bók um sinn hluta verkefnisins og nefnist hún “Vatnið” (Aðalheiður Valdimarsdóttir og fl., 1992). Næstu tvö árin var unnið í leikskólanum með leikinn sem þema. Sagt er frá afrakstri þeirrar vinnu í grein sem birtist í afmælisriti Valborgar Sigurðardóttur “Leikur og leikgleði” (Hrafnhildur Sigurðardóttir, 1992).

### **Framkvæmd verkefnisins**

Mat það sem nú fer fram er ytra mat þar sem utanaðkomandi aðili er fenginn til þess að vinna matið. Matsaðili styðst við gögn sem unnin eru af starfsfólki leikskólans og lýst í ritinu “Til þess er leikurinn gerður” (Aðalheiður Valdimarsdóttir o.fl., 1997). Ritið lýsir innra mati þegar starfsmenn leikskólans tóku þátt í að meta störf sín og annarra.

Tilraun er gerð til þess að meta að hve miklu leiti er starfað samkvæmt yfirlýstum markmiðum í lögum og reglugerð. Einnig að hve miklu leiti starfið samræmist Uppeldisáætlun fyrir leikskóla sem er námskrá leikskóla.

Í upphafi var fundað með leikskólastjóra Furuborgar, Hrafnhildi Sigurðardóttur. Á þeim fundum miðlaði leikskólastjóri miklum upplýsingum auk ýmissa gagna um leikskólastarfið.

Meðal þessara gagna voru:

- Ratsjá, sem er starfsmannahandbók Furuborgar.
- Niðurstöður skoðanakönnunar sem gerð var í maí 1994 meðal foreldra barna í Furuborg í tengslum við þróunarverkefnið “Til þess er leikurinn gerður”.
- Niðurstöður skoðanakönnunar sem gerð var í janúar 1998 meðal foreldra barna í Furuborg.

Í febrúar 1998 voru tekin viðtöl við allt starfsfólk Furuborgar.

Leikskólastjóri skipulagði þriggja manna hópa sem matsaðili talaði við í um það bil klukkustund hvern hóp. Viðtölin voru hálfopin, en stuðst var við atriðalista í viðræðunum. Til umræðu komu m.a. eftirtaldir þættir: starfsandi leikskólans, sterkustu og veikustu hliðar, markmiðssetning og áætlanagerð, samstarf við stjórnendur, tengsl milli barna og fullorðinna, aðbúnaður innan- og utanhúss, stuðningskennsla og foreldrasamvinna.

Spurningalisti var lagður fyrir allt starfsfólk leikskólans í apríl. Alls svöruðu 13 starfsmenn spurningalistunum, þar af var 1 sem ekki starfar með börnunum. Meginuppistaða spurninganna í listanum eru svo kallaðar lokaðar spurningar, þar sem fólki er gefinn kostur á því að krossa í fimm reiti sem eru á nokkurs konar skala, til dæmis: mjög gott, gott viðunandi/hlutlaus, fremur slæmt og mjög slæmt. Einnig eru nokkrar opnar spurningar þar sem fólk svarar spurningum með eigin orðum (fylgiskjal 1).

Í þessu mati var stuðst við ofangreind gögn ásamt niðurstöðum úr viðtölum og spurningakönnun. Auk þess var stuðst við skýrslu leikskólans um þróunarverkefni sem var gefin út árið 1997. Skýrslan ber nafnið: “Til þess er leikurinn gerður”. (Aðalheiður Valdimarsdóttir o.fl., 1997)

Niðurstöður eru flokkaðar og skráðar í samræmi við flokkun efnispáttá í erindisbréfi ráðuneytis menntamála vegna þessa verkefnis.

# 1. Aðstaða í leikskólanum, húsnæði, útileiksvæði, leikföng, starfsfólk.

## Úr Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995

Húsnæði

Í II kafla 3. gr Reglugerðar um starfsemi leikskóla stendur: “Við hönnun húsnæðis skal gert ráð fyrir: Leikstofum, aðstöðu barna til hvíldar og hreyfileikja; snyrtiaðstöðu fyrir börn, fataherbergi með þurrkaðstöðu; geymslum, þ.m.t. geymslu fyrir útiáhöld og vagna þar sem starfsemin gefur tilefni til, skrifstofu leikskólastjóra, viðtalsherbergi, sameiginlegu rými til funda foreldra og starfsfólks, aðstöðu til undirbúnings vinnu starfsmanna; matar- og hreinlætisaðstöðu starfsfólks; eldhúsi, matvælageymslum og ræstiherbergi.”

Leikstofurnar eru fjórar. Í versturenda eru Korníð og Lyngið og í austurendanum eru Hreiðrið og Laufið. Á hverri deild er aðstaða fyrir hvíld barnanna og snyrtiaðstaða. Á tveimur deildanna sem staðsettar eru í nyrðri hlið hússins er snyrtiaðstaða góð, sérstakt rúmgott baðherbergi með klósetti og stórum vaski á miðju gólfi. Tvær deildanna, þær sem eru staðsettar í syðri hlið hússins hafa eingöngu eitt lítið klósett með litlum vaski við útidyr. Þegar vel stendur á geta börn úr syðri hlið hússins þó fengið aðgang að snyrtiaðstöðu samliggjandi deildar í syðri enda hússins.

Í spurningakönnun í apríl síðastliðnum skrifuðu tveir starfsmenn athugasemd þess efnis að klósett vanti fyrir börnin. Skoðun fólks er að vinnuaðstaða inni á deild sé meðalgóð. Enginn krossar í reitina mjög slæm og mjög góð. Starfsfólk er mjög sátt við það fyrirkomulag að starfrækja fjórar litlar deildir í leikskólanum (í stað tveggja stórra eins og algengast er).

Í miðju skólans er Rjóðrið sameiginlegur salur fyrir allar deildir. Salur þessi er nokkuð rúmgóður og hefur fjölnota gildi, hann er meðal annars notaður fyrir hreyfileiki, myndið og þar er lítil geymsla sem leikföng af ýmsu tagi eru geymd. Hluti af þeim leiktækjum sem geymd eru í Rjóðri eru í hjólavögnum eða kössum sem rúlla má inn á deildar til notkunar þar. Starfsfólk er ánægt með búnað, tæki og gögn í leikskólanum, samkvæmt spurningakönnuninni.

Eitt fataherbergi með þurrkaðstöðu er fyrir hverjar tvær deildir. Geymslupláss er af skornum skammti, en geymsla fyrir útileikföng er á lóð leikskólans. Ekki eru sérstakar geymslur fyrir vagna og kerrur, en þær eru geymdar í anddyri nyrðri enda hússins, sem hefur frá því í október 1997 ekki verið notað fyrir umgang foreldra og barna.

Öll aðstaða starfsmanna er heldur bágborin og verður starfsfólk að nýta eldhúsið sem kaffistofu. Viðtals- eða undirbúningsherbergi er ekki í leikskólanum en skrifstofa leiksskólustjóra er, eftir samkomulagi, til afnota fyrir starfsfólk þegar það er með viðtöl við foreldra. Foreldrafundur og starfsmannafundur sem eru haldnir utan vistunartíma barna eiga sér stað í salnum sem nefndur er Rjóður. Engin aðstaða er til undirbúningsvinnu starfsmanna, en leikskólakennarar taka undirbúningstíma sína utan vinnutíma vegna aðstöðuleysis í húsinu. Þegar starfsfólk er spurt að því hversu ánægt það er með vinnuástöðu sína til undirbúnings í leikskólanum, eru flestir (7) óánægðir.

Eldhús er lítið, en allur matur kemur tilbúinn frá eldhúsi Sjúkrahúss Reykjavíkur, svo þar þarf eingöngu að vera aðstaða til að bera matinn fram og vaska upp. Ekki er sérstök matvælagæmsla á staðnum. Í eldhúsinu er aðstaða starfsmanna til hvíldar í matar og kaffitímum.

Lítið ræstiherbergi er til staðar, en það er einnig notað að hluta sem geymsla fyrir hreinlætisvörur og fleira.

Í II. kafla, 2.gr. Reglugerðar um starfsemi leikskóla stendur: “Húsnæði leikskóla skal miðað við 7,0 fermetrar brúttó fyrir hvert barn...” ennfremur stendur í sömu grein reglugerðar: ...”þar af verði nettó leik- og kennslurými a.m.k. 3,0 fermetrarar fyrir hvert barn.”

Heildarfermetrafjöldi Furuborgar er 320 fermetrar og þar dvelja nú 46 börn, þar eru því 6.9 fermetrar á hvert barn brúttó. Heildarfermetrafjöldi hússins er því rétt tæplega það sem reglugerðin segir til um. Hvað varðar fermetrafjölda leik- og kennslurýmis þá eru leikstofur og salur samanlagt 172 fermetrar. Nettó leik- og kennslurými er því 3.74 fermetrar á hvert barn, en það er 0.74 fermetrum meira en reglugerðin kveður á um sem lágmarksrými.

Í II kafla, 3. gr. Reglugerðar um starfsemi leikskóla stendur: “...húsaskipan er miðist við að mögulegt sé að starfa í samræmi við uppeldis- og námssvið í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla.”

Starfsmenn leikskólans hafa verið mjög útsjónasamir við skipulagningu á notkun hússins. Augljóslega hafa hagsmunir barnanna og uppeldisstarfsins fengið forgang í þeim efnum. Enda heildarfermetrafjöldi Furuborgar á hvert barn rétt fyrir neðan það lágmark sem reglugerð gerir ráð fyrir meðan leik- og kennslurými er nokkuð fyrir ofan það lágmark sem reglugerð segir til um.



Í skoðanakönnun sem gerð var meðal starfsmanna í apríl síðastliðnum nefndu þrjár að myndmenntaaðstöðu væri ábótavant. ekki komu fram aðrar athugasemdir um húsnæði sem teljast tengjast aðstöðu til starfsins með börnunum.

Í II kafla 3.gr. Reglugerðar um starfsemi leikskóla stendur: “ gert skal ráð fyrir aðgengi og aðstöðu fyrir fötluð börn og börn með sérþarfir og vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk sem vinnur með þeim börnum.”

Húsið er á einni hæð og aðgengi fyrir fatlaða nokkuð gott. Ekki er þó nein aðstað fyrir starfsfólk sem vinnur með fötluðum börnum.

### **Útileiksvæði**

Í II. kafla, 5.gr. Reglugerðar um starfsemi leikskóla stendur: “Við hönnun nýrra útileiksvæða og þar sem því verður við komið við eldri leikskóla skal miðað við a.m.k. 30-40 fermetra fyrir hvert barn. Útileiksvæði skal þó aldrei vera minna en 20 fermetrar fyrir hvert barn. Leiksvæði skal hannað með áherslu á sem mesta fjölbreytni í leikaðstöðu og umhirða þess sé auðveld.”

Heildarfermetrafjöldi útileiksvæðis er 1750 fermetrar, sem er 38 fermetrar fyrir hvert barn. Stærð lóðar getur því fyllilega talist vera í samræmi við reglugerðina. Leikskólinn er á afar veðursælu svæði í borginni þannig að börnin geta oft notið veðurbliðu og gróðursældar umhverfisins. Á lóðinni er all mikið af trjám, þar eru brekkur, rennibrautir, sandkassi og margt fleira. Hún stendur því fyllilega undir þeim kröfum reglugerðarinnar að teljast fjölbreytt leikaðstaða fyrir börnin. Enda segir meiri hluti (11) starfsmanna aðspurðir um lóð leikskólans að hún sé mjög góð eða góð. Þrír sem krossað hafa við að lóðin sé góð ítreka í athugasemdum fyrir neðan spurninguna að lóðin sé góð en viðhald hennar sé slæmt. Að sögn leikskólastjóra hefur Herdís Storgaard, hjúkrunarfræðingur metið ástand lóðarinnar með hliðsjón af slysaþættu. Hún telur að stígar á lóðinni geti verið hættulegir. Nokkur halli er í beygju stíganna og geta börn á hjólum misst stjórn á farartækjum og slysa orðið í framhaldi af því.

### **Leikföng**

Í II kafla, 4.gr. Reglugerðar um starfsemi leikskóla stendur: “Við val á búnaði fyrir börn í leikskóla skal taka mið af aldri og þörfum leikskólabarna. Til búnaðar teljast m.a. innanstokksmunir, leiktæki, ýmis áhöld sem börn nota í leik og starfi, hljómflutningstæki og nýsitæki.”

Við stutta skoðun kemur í ljós að til eru leiktæki af ýmsu tagi. Leiktæki þessi eru oft tengd þeim verkefnum sem unnin hafa verið í leikskólanum í

gegnum tíðina. Má þar nefna að til eru allmargir hjólakassar sem geymdir eru miðsvæðis í húsinu, með sérstökum leikmunum sem voru útbúnir upphaflega þegar leikskólinn vann sérstaklega með hlutverkaleikinn. Starfsfólkið hannaði og saumaði búninga sem voru flokkaðir í kassana á ákveðinn hátt. Má þar nefna kassa með ýmsum hjúkrunarmunum, gerfi dýra og ýmsir fleiri búningar sem tengja má mismunandi hlutverkum (Hrafnhildur Sigurðardóttir, 1992).

Einnig er tónlistarvagn, hreyfivagn og vagn með Fröbel byggingakubbum.

Aðspurðir um búnað og tæki leikskólans svara flestir (9) starfsmenn að þeir séu ánægðir, einn er mjög ánægður og einn tekur ekki afstöðu.

Starfsmenn eru því tiltölulega sáttir við búnað leikskólans. Einn segir þó: “Ýmislegt er til, en mjög lítið”.

### **Starfsfólk**

Í V.kafla, 12 gr. laga um leikskóla stendur: “Leikskólastjóri og það starfslið er annast uppeldi og menntun barna skal hafa menntun leikskólakennara. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að gera áætlanir um uppeldisstarf leikskólans í samræmi við lög þessi. Leikskólastjóri skal árlega gera rekstraraðila grein fyrir starfsemi leikskóla.”

Í könnun meðal starfsfólks Furuborgar sem gerð var í apríl síðastliðnum kom fram að 9 af 12 starfsmönnum leikskólans sem vinna með börnunum eða 75% eru leikskólakennarar. Auk þess er einn grunnskólakennari starfandi þar svo hlutfall fagmenntaðs fólks getur talist yfir 80%. Þetta hlutfall er sérstaklega hátt, en í Ársskýrslu Dagvistar barna í Reykjavík (Dagvist barna, 1996) kemur fram að hlutfall leikskólakennara í starfi með börnum í leikskólum borgarinnar í desember árið 1996 var rúmlega 30 %.

Í III. kafla, 6.gr. Reglugerðar um starfsemi leikskóla stendur: “Fyrir hvert stöðugildi leikskólakennara skulu vera 8 barngildi. Þessu til viðbótar koma störf leikskólastjóra, störf vegna sérstaks stuðnings, afleysingar og ræstinga og störf í eldhúsi....”

Í 7.gr.stendur einnig: “Barngildi leikskólabrna reiknast þannig:

5 ára barn reiknast sem 1,0 barngildi.

4ra ára barn reiknast sem 1,0 barngildi.

3ja ára barn reiknast sem 1,3 barngildi.

2ja ára barn reiknast sem 1,6 barngildi.

Eins árs barn eða yngri reiknast sem 2,0 barngildi.”

Barngildi í Furuborg eru nú 58,2 en starfsmenn með börnum að undanskildum starfsmanni vegna stuðnings, leikskólastjóra og afleysingar eru 8,2 stöðugildi. Á Furuborg eru því um það bil 7 barngildi fyrir hvert

stöðugildi leikskólakennara. Leikskólinn uppfyllir því lagaákvæði um fjölda starfsmanna fyrir hvert barn og er ánægjulegt að sjá þá stöðu að leikskólinn er nokkuð fyrir neðan þann hámarksfjölda barna á hvern starfsmann sem getið er um í lögum.

## **2. Stjórnun skólans, rekstur hans og sérstaða.**

Í IV. kafla, 7.gr. Laga um leikskóla stendur: „Heimilt er öðrum aðilum að reka leikskóla að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar.”

og í 11. gr.: “Í sveitarfélögum skulu að jafnaði starfa leikskólafulltrúar sem eru starfsmenn sveitarfélaga. Leiksskólafulltrúi skal í umboði leikskólanefndar og í samvinnu við leikskólastjóra sinna ráðgjöf og eftirliti með starfsemi í leikskólum innan sveitarfélgsins og stuðla að samstarfi þeirra innbyrðis.”

Við stofnun Furuborgar var það í hendi Menntamálaráðuneytis að veita heimild til rekstrar leikskóla. Leikskólinn er rekinn af Sjúkrahúsi Reykjavíkur sem fékk rekstrarleyfi árið 1986. Samkvæmt núgildandi lögum (11.gr. laga nr./1994) eiga að starfa leikskólafulltrúar sem sinni ráðgjöf og eftirliti með starfsemi í leikskólum sveitarfélagsins.

Leikskólafulltrúar hafa umsjón með leikskólum Reykjavíkurborgar, en ekki hefur komið til þess að þeir veittu Furuborg umrædda ráðgjöf og eftirlit. Þessum þætti er því ábótavant í Furuborg.

Það er því jafnframt augljóst að 20.gr. Reglugerðar um starfsemi leikskóla er ekki framfylgt, en í henni stendur: “Öllum sveitarfélgögum, er standa að rekstri leikskóla eða hafa heimilað rekstur leikskóla, er skylt að sjá leikskólum fyrir ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 78/1994”

Í lok 11 gr. laga um leikskóla er talað um að leikskólafulltrúi eigi að stuðla að samstarfi milli leikskóla. Þar sem Furuborg nýtur ekki þjónustu leikskólafulltrúa er ekkert það skipulag fyrir hendi sem hvetur leikskólann og starfsmenn hans til samstarfs við aðra leikskóla. Leikskólinn og starfsmenn hans eru fremur einangraðir, þó eitthvað samband sé við hina tvo leikskólana sem Sjúkrahús Reykjavíkur rekur. Þegar starfsfólk er spurt um það hvernig leikskólinn standi í samanburði við aðra leikskóla eru svörin eftirfarandi: 6 segja mjög vel, 2 svipaðir og aðrir, einn krossa í tvo reiti það er að segja “nokkuð vel” og “svipaðir og aðrir” meðan fjórir svara ekki. Þetta undirstrikar að nokkru þá einangrun frá öðrum leikskólum sem starfsmenn Furuborgar búa við. Enda tóku nokkrir starfsmenn það fram við matsaðila þegar útfylltir spruningalistar starfsmanna voru sóttir að þær hefðu ekki forsendur til þess að svara spurningu sem þessari.

Í IV. kafla, 9.gr. Laga um leikskóla stendur: “Leikskólanefnd, kjörin af sveitarstjón, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjónar. Einn fulltrúi starfsfólks leikskóla og einn fulltrúi foreldra leikskólabarna eiga rétt til setu á fundum leikskólanefndar með málfrelsi og tillögurétt.”

Reglur fyrir rekstri Furuborgar eru samþykktar af stjórn sjúkrastofnana Reykavíkur og fellur reksturinn undir starfsmannaþjónustu.

Í reglunum stendur meðal annars:

“Leikskólar Sjúkrahúss Reykjavíkur eru starfræktir til að veita starfsfólki sjúkrahússins leikskólavist fyrir börn sín. Leikskólastjórar hafa með höndum daglegan rekstur. Næsti yfirmaður leikskólastjóra er forstöðumaður starfsmannaþjónustu.” En leikskólastjóri fundar reglulega með honum. Í 3.gr. reglna um leikskóla Sjúkrahúss Reykjavíkur stendur: “Þriggja manna nefnd, sem skipuð er af framkvæmdastjórn sjúkrahússins, skal taka ákvaðanir um inntöku barna í leikskólana í samráði við leikskólastjóra. Fulltrúi starfsmannaráðs skal ætíð vera í nefndinni.” Þessi fulltrúi er ekki foreldri barna á leikskólum sjúkrahússins og nefndin er fyrst og fremst inntökunefnd og starfar því ekki á sama hátt og leikskólanefndir sveitarfélaga. Til að lögum sé framfylgt vantar því leikskólanefnd þar sem foreldrar og starfsfólk hafa sína fulltrúa.

Í 10.gr. stendur: “Sveitarstjórn/skólaskrifstofur skulu stuðla að eðlilegum tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla og vera samstarfsvettvangur þeirra í viðkomandi sveitarfélagi.”

Ekki er sérstaklega reynt að stuðla að eðlilegum tengslum og samstarfi við einstaka grunnskóla. Í viðtölum við starfsfólk kom fram að börn þau sem dvelja í Furuborg búa í mörgum hverfum borgarinnar og jafnvel utan hennar. Það er því ekki einfalt að hafa tengsl við verðandi skóla barnanna. Furuborg vinnur að þessum tengslum með því að hafa skólahópa með elsta árgangi leikskólans, þ.e. 5 ára börnum, þar vinna þau ýmis verkefni sérstaklega ætluð til undirbúnings grunnskólagöngu barnanna. Lögð er áhersla á skipulögð vinnubrögð, einbeitingu og tillitssemi. Unnið er með vináttu, hjálpssemi, talnagildi, rím, hlustun og hugtakaæfingar (Aðalheiður Valdimarsdóttir o.fl., 1997)

Í V.kafla, 13.gr. Laga um leiskóla stendur: “Leikskólastjóri skal halda reglulega fundi með starfsfólki um starfsemi leikskólans og velferð hvers barns.”

Í Ratsjá, starfsmannahandbók leikskólans og í “Til þess er leikurinn gerður” (Aðalheiður Valdimarsdóttir o.fl., 1997), kemur fram að starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði. Efni getur verið

mismunandi. Má þar nefna, að leikskólakennarar kynna valin efni fyrir hópnum, farið er yfir fjárhagsstöðu skólans, og skiptst á skoðunum um forgangsroðun verkefna.

Einnig eru haldnir deildarstjórafundir tvisvar sinnum í mánuði, þar sem deildarstjórar þessara fjögurra deilda skiptast á skoðunum um ýmsa þætti starfsins, bæði varðandi einstök börn og barnahópin.

Deildarfundir eru haldnir á hverri deild einu sinni í mánuði þar sem starfsfólk ræðir vinnutilhögun á deildinni og hefur tækifæri til þess að ræða um einstök börn eða barnahópin.

Í Ratsjá kemur einnig fram að allir þessir fundir hafa dagskrá og ritaðar eru fundargerðir.

Í mars síðstliðnum hafði leikskólastjóri einkaviðtöl við alla starfsmenn leikskólans. Þegar starfsmenn eru spurðir um hvernig viðtölin hafi nýst krossa flestir (10) við mjög vel og vel.

Í V.kafla, 12.gr. Laga um leikskóla segir: “Leikskólastjóri ber ábyrgð á að gera áætlanir um uppeldisstarf leikskólans í samræmi við lög “  
Í þróunarverkefninu sem lýst er í “Til þess er leikurinn gerður” skráði leikskólastjóri niður allt sem tilheyrir starfssviði leikskólastjóra. Meðal þess sem þar er nefnt er: “-vinnur að ársáætlun og sér til þess að henni sé fylgt” Þessi vinna sýnir jafnframt að leikskólastjóri hefur kortlagt starfsvið sitt rækilega. (Aðalheiður Valdimarsdóttir o.fl., 1997). Ratsjain, handbók starfsfólks er gott vitni um það að áætlangeð er vel og skipulega unnin.

Þegar starfsfólk er spurt um það hversu góð stjórnun leikskólans er segja flestir (10) mjög góð og nokkrir (3) nokkuð góð. Enginn krossar við viðunandi, fremur slæmt eða mjög slæmt. Einnig kemur fram í svörum starfsmanna að fólk er almenn ánægt með Hrafnhildi sem stjórnanda. Því til stuðnings má einnig nefna að fólk er ánægt með hvernig staðið er að ákvörðunartöku um starfið í leikskólanum.

og í 14. gr.stendur: “Leikskólastjóri stuðli að samstarfi milli foreldra barnanna og starfsfólks leikskólans.”

Samsetning foreldrahópsins er frábrugðin því sem er í öðrum leikskólum þar sem annað foreldri allra barnanna er starfsmaður Sjúkrahúss Reykjavíkur og þekkjast þeir því betur innbyrðis en aðrir foreldrahópar. Þeir eru einnig búsettir í sjö sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. (Aðalheiður Valdimarsdóttir o.fl., 1997).

Í tengslum við þróunarverkefnið könnuðu starfsmenn hug foreldra til starfsins í leikskólanum 1994. Starfsfólk skoðaði svör foreldranna og ræddi hvernig hægt væri að koma betur til móts við óskir þeirra. Í kjölfar

Þessara niðurstaðna áttu nokkrar breytingar sér stað á leikskólastarfinu þar sem komið var til móts við óskir og skoðanir foreldra (Aðalheiður Valdimarsdóttir o.fl., 1997). Segja má að þetta sé lýsandi fyrir aðgerðir leikskólastjóra til að auka tengsl heimilis og skóla og einn liður í því að stuðla að samstarfi milli foreldra barnanna og starfsfólks.

### **3. Börnin í skólanum.**

Börn í Furuborg dvelja þar 8-9 tíma á dag, sum eru fjóra daga í viku meðan önnur eru fimm daga í viku, en þetta er í samræmi við reglur Sjúkrahúss Reykjavíkur. Árið 1994 var gerð könnun á viðhorfum foreldra til leikskólans. Þar voru meðal annars ýmsar spurningar varðandi viðhorf foreldra til vistunartíma barnsins. Þá kom í ljós óánægja foreldra með það að börn foreldra í fæðingarorlofi þurftu að fara í frí á meðan á orlofinu stóð. Einnig gátu börn eingöngu verið í leikskólanum meðan foreldrið sem vann á spítalanum var í vinnu. Það þýddi að börn gátu verið að mæta í leikskólann seinni hluta dags þegar foreldrið mætti á kvöldvakt og misstu þau því af samneyti við önnur börn og öllu skipulögðu starfi. Þessa þætti voru foreldrar óánægðir með. Útkoma könnunarinnar leiddi til þess að að báðar þessar reglur voru felldar út. Núna koma börn ýmist þá fjóra eða fimm daga í viku sem þeim er ætlað burtséð frá orlofi eða vöktum foreldranna. Eftir þessa breytingu hafa foreldrar verið sáttir við vistunartíma barnanna. Í könnun meðal starfsfólks Furuborgar í apríl síðastliðnum var spurt um hversu sátt fólk er við dvalartíma barnanna. Allir svara í reitina mjög sátt og nokkuð sátt enginn er ósáttur. Það má því ætla að starfsfólk telji að börnunum líði vel með hliðsjón af dvalartímanum. Einnig er starfsfólk spurt hvað þeim finnst mikilvægast að börnin læri í leikskólanum. Tíu nefna félagsþroska, samskipti og að geta verið í hóp. Einnig nefnir fólk: málþroska, hreyfiþroska, góðan aga, kurteisi mannasiði, tillitssemi, hlutstun, framsögn, undirbúning undir skóla, sjálfshjálp, sjálfstæði og heilbrigða sjálfsmýnd. Sátt virðist vera um áherslu á félagsþroska og samskipti og má því ætla að meirihluti starfsfólksins leggi sig fram um að börnunum líði sem best í leikskólanum. Stoðum er rennt undir þetta þegar starfsfólk er spurt um samskipti milli barna í leikskólanum og svara 3 að þau séu mjög góð og 8 að þau séu góð enginn álítur þau slæm eða mjög slæm. Aðspurt um samskipti milli fullorðinna og barna í leikskólanum svara 8 mjög góð og 4 góð. Í athugasemdum við þessar spurningu skrifar einn starfsmaður: “Öll gætum við sýnt meiri þolinmæði en almennt eru samskiptin góð.”

Í VI. kafla, 15.gr.laga stendur: “réttur barna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar vegna fötlunar”. Í Furuborg ganga mál barna sem þurfa sérstaka aðstoð svipað fyrir sig og annars staðar. Foreldrar barnanna fá Greiningastöð ríkisins til þess að meta stöðu þeirra. Samkvæmt matinu

greiðir ríkið svo stuðningsaðila laun vegna stuðningskennslu. Ráðgjöf og eftirlit sem ætti að vera á hendi sveitarfélagsins er ekki fyrir hendi.

**4. a) Námsþættir í skólastarfinu: Þroskamiðað nám, færnimiðað nám , samfélagsmiðað nám og vægi þessara þátta.**

**b) Námskrá/uppeldisáætlun.**

Árið 1993 sótti leikskólinn Furuborg um styrk til að vinna að þróunarverkefni, en vinnuheiti þess var: “Gæði í uppeldisstarfi í leikskólanum Furuborg” og var markmiðið að gera góðan leikskóla betri fyrir börn, foreldra og starfsfólkið í leikskólanum. Ákveðið var að styðjast við lög um leikskóla og Uppeldisáætlun fyrir leikskóla, markmið og leiðir. Í þessari vinnu skilgreindi starfsfólk meðal annars þroskaþætti og skráði með hvaða hætti væri hlúð að einstökum þáttum í hópastarfi, frjálsum leik og í athöfnum daglegs lífs. Starfsfólk komst að þeirri niðurstöðu að allir þroskaþættir væru samofnir og samverkandi heild og þeir myndu því alltaf skarast í skráningu sem þessari. (Aðalheiður Valdimarsdóttir, 1997)

Námskrá var síðan unnin en hún greinist í þrjú meginámssvið sem eru þroskamiðað nám, færnimiðað nám og samfélagsmiðað nám. (fylgiskjal 2)

Þroskamiðað nám inniheldur eftirtalda þroskaþætti:

- Tilfinninga- og félagsþroski
- Mál- og hreyfiþroski
- Vitsmunarþroski
- Siðgæðisþroski
- Fagurþroski (fylgiskjal 3)

Þroskaþættir þessir eru sambærilegir þeim undirmerkiðum leikskólastarfs sem getið er um í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla (Menntamálaráðuneytið, 1993). Þættirnir eru allir nefndir í undirmerkiðunum að frátöldum málþroskanum sem er þáttur í uppeldis- og námssvið í leikskólastarfi sem sett er fram í Uppeldisáætlun.

Færnimiðað nám inniheldur athafnir daglegs lífs, sem eru:

- Fataherbergi/fatnaður
- Borðhald
- Hreinlæti
- Frágangur/snyrtimennska
- Svefn og hvíld (fylgiskjal 3)

Þessir þættir eru sambærilegir þeim hluta uppeldis- og námssviða í leikskólastarfi sem nefndur er umönnun í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla.

Samfélagsmiðað nám inniheldur fræðslu og vettvangsferðir sem eru:

- Fjölskyldan og heimilið
- Náttúran og umhverfið
- Þjóðlegur fróðleikur
- Menning og listir (tón-,leik-,myndlist)
- Atvinna og þjónusta

Undir uppeldis- og námssvið í leikskólastarfi er hluti þessara þátta. Náttúran er sérstakt svið. Menning og listir er hluti af að minnsta kosti tveimur sviðum það er, tónlist- hljóð og hreyfing og myndsköpun og myndmál. Atvinna og þjónusta og þjóðlegur fróðleikur eru hluti af því námssviði Uppeldisáætlunar sem kallað er samfélagið. Fjölskyldan og heimilið er svo grundvöllurinn í yfir markmiðum leikskólastarfsins.

Þannig er unnt að segja að þessi þrjú megin svið innihaldi þá þætti sem nefndir eru í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla þegar rætt er um markmið leikskólastarfs og uppeldis- og námssvið í leikskólastarfi. Þar er þess einnig getið að allir þessir uppeldisþættir séu samofnir, (Menntamálaráðuneytið, 1993) líkt og starfsmenn Furuborgar komust að í þróunarverkefni sínu.

Í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla (Menntamálaráðuneytið, 1993) segir:

“Í reyndinni fjallar áætlanagerð um spruningar eins og t.d.:

Hvað gerum við með börnunum?

Hvers vegna gerum við það?

Hvernig gerum við það?

Hvenær gerum við það?

Hve miklum tíma verjum við til þess?

Hver er árangurinn?

Segja má að vinna starfsfólks Furuborgar í þróunarverkefninu “Að gera góðan leikskóla betri”, sem sagt er frá í ”Til þess er leikurinn gerður” sé



tilraun til þess að svara þessum spurningum. Meðan á vinnu verkefnisins stóð þurftu starfsmenn að spyrja sig þessara spurninga. Þannig hefur fólk orðið meðvitaðra um hvað það gerir, hvers vegna, hvernig og hvenær. Í viðtölum við starfsfólk í febrúar síðastliðnum kom í ljós að það hafði ákveðna tilfinningu fyrir því hversu mikill tími fór í hvern þessara þriggja þroskaþátta, þroskamiðað nám, færnimiðað nám og samfélagsmiðað nám. Vægi þáttanna er nokkuð misjafnt eftir deildum þar sem aldur barnanna hefur töluvert að segja um það. Á yngri deildum fer meiri tími í færnimiðað nám, en á eldri deildum fer meiri tími í samfélagsmiðað nám. Þroskamiðað nám er eins og rauður þráður í leik og starfi barnanna.

Þannig er hægt að segja að starfsemi Furuborgar sé skipulögð í fullu samræmi við það sem Uppeldisáætlun fyrir leikskóla segir. Þá er eftir að íhuga hvernig tekst að framkvæma samkvæmt þessum áætlunum. Starfsfólk er spurt í könnun í apríl síðastliðnum að því hversu vel því og samstarfsfólki á deild takist að framkvæma það sem er skipulagt. Það er mat starfsfólksins sjálfs að því takist vel að framfylgja skipulaginu. Einnig segir fólk í sömu könnun að það sé mjög sátt eða sátt (12) við eigin vinnubrögð.

Í framhaldi af þróunarverkefninu var Ratsjain, starfsmannahandbók Furuborgar unnin. Tilgangur hennar er meðal annars að tryggja upplýsingastreymi milli starfsmanna. Í spurningakönnun í apríl síðastliðnum er fólk spurt um það hversu vel það þekki innihald Ratsjárinnar. Flestir (8) svara í reitina mjög vel og vel, aðrir (3) svara veit ekki.

Í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla (Menntamálaráðuneytið, 1993) kemur fram að áætlanir megi aldrei vera í of föstum skorðum. Sveigjanleiki í uppeldisstarfinu sé nauðsynlegur innan vissra marka. Í samtölum við starfsfólk í febrúar kom nokkrum sinnum fram sú skoðun að skipulag sé gott, en afar mikilvægt að geta aðlagð það að þörfum barnanna, breyta því sem ekki gengur upp þegar við á, bæði jafn óðum, í daglegu starfi og með reglulegu endurmati.

## **5. Samskipti innan skólans, samstarf og starfsandi.**

Öll formleg samskipti eru mjög vel skilgreind og skipulögð eins og sjá má í Ratsjá, starfsmannahandbók Furuborgar. Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði. Samkvæmt Ratsjá er markmið þeirra:

- Að viðhalda umræðu um uppeldismál og starfsemi leikskólans.

- Að efla starfsandann og koma á framfæri þekkingu og reynslu starfsmanna leikskólans.
- Að samræma starfsaðferðir og endurmeta starfið.
- Að starfsmenn þjálfist í að hafa skoðanaskipti og fjalli um starfið á gagnrýninn og hreinskilinn hátt.
- Að starfsmaður geti komið á framfæri hugmyndum sínum um starfið og rætt það í starfsmannahópnum.
- Að koma upplýsingum til starfsfólks.

Deildarstjórafundir eru haldnir í hádeginu að minnsta kosti tvisvar í mánuði og oftar ef með þarf. Samkvæmt Ratsjá er markmið þeirra:

- Að tryggja upplýsingamiðlun um starfsemi deilda milli leikskólastjóra og deildarstjóra.
- Að samræma starfið og sjá hvað er framundan miðað við námsskrá og almanak (árstíma).

Deildarfundir eru einu sinni í mánuði á hefðbundnum vinnutíma.

Samkvæmt Ratsjá er markmið þeirra:

- Að starfsfólk deildarinnar komi saman og ræði ákveðin mál sem upp kunna að koma.
- Að starfsfólk ræði vinnutilhögun á deildinni.
- Að starfsfólk samræmi vinnuaðferðir og samskipti á deildinni.

Samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru haldnir tvisvar í mánuði.

Tveir starfsdagar eru á hverju ári, annar í september og hinn í janúar.

Fyrri fundinum er ætlað:

- Að kynna skipulag og áherslupætti á haustönn fyrir starfsmönnum deilda og samræma tímasetningar á vinnusvæðum og gögnum sem nota skal.

Markmið síðari fundar er:

- Að endurmeta starf haustannar og kynna skipulag og áherslupætti vorannar fyrir starfsmönnum deilda og samræma tímasetningar á vinnusvæðum og gögnum sem notuð skulu.

Á hverju hausti er haldinn námsdagur, eigi síðar en í október. Samkvæmt Ratsjá er markmið hans:

- Að endurmennta og þjálfar starfsfólk.

Í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla (Menntamálaráðuneytið, 1993) stendur:

“Mikilvægt er að athuga og meta hvernig áætlanir hafa reynst í

framkvæmd, hvort þeim hafi verið framfylgt og hvort þær hafi verkað sem þvingun eða veitt stuðning, uppörvun og ánægju.”

Starfsmenn Furuborgar endurmeta starf sitt reglulega á deildarfundum, starfsmannafundum og skipulagsdegi á haustönn, eins og fram kemur í Ratsjá. Þegar starfsfólk er spurt í könnun í apríl síðastliðinn hversu oft það endurmetur uppeldisstarfið, svara flestir (10) mjög oft eða oft. Fólk er beðið að greina frá matsaðferðum og þá eru svörin sem hér segir:

- 3 nefna mánaðarlegt mat sem oftast er gert á fundum
- 4 nefna spurningalista sem hver og einn fyllir út og ræðir við samstarfsfólk á deild
- 2 nefna daglegt endurmat
- 1 nefnir mat að hausti þegar vetrarstarf er skipulagt.

Það má því ætla að endurmat fari fram bæði formlega og óformlega, meðan á framkvæmd stendur og að henni lokinni.

Leikskólastjóri hefur formleg starfsmannaviðtöl við hvern starfsmann einu sinni á ári. Þau fara fram í mars ár hvert. Í könnun meðal starfsfólks var spurt hvernig fólk teldi viðtöl við leiksskólastjóra hafi nýst. Flestir (10) svöruðu mjög vel eða vel, en tveir merktu við veit ekki.

Þegar starfsandi í leikskólanum er skoðaður kemur í ljós í könnun meðal starfsfólks í apríl síðastliðnum að meirihlutinn (11) eru mjög sáttir og 2 eru nokkuð sáttir við leikskólann sem vinnustað. Þar er einnig spurt um það hvernig deildarstjóri skipuleggi starfið á deildinni og svara allir (12) í reitinn: “í samvinnu við samstarfsfólk”. Spurt er um samskipti milli fullorðinna og svara allir (13) í reitina mjög góð eða góð. Þegar spurt er um hvernig fólk skynjar almennt andrúmsloftið í starfsmannahópnum svara allir (13) mjög jákvætt og hlítt eða jákvætt. Enginn er hlutlaus eða krossar í neikvæðu reitina. Til marks um það hversu jákvætt andrúmsloft starfsmenn telja vera í Furuborg er eftirfarandi athugasemd við spurningunni um andrúmsloft: “Jafnvel kynslóðabilið fyrirfinnst varla”

Þegar starfsfólk er beðið að skrifa niður sterkustu hliðar í starfi leikskólans eru þrjú atriði oftast nefnd:

- 5 nefna faglært fólk og fagleg vinnubrögð
- 5 nefna stöðugleika í starfsmannahópnum
- 5 nefna góðan starfsanda

Í annari spurningu er fólk beðið að tilgreina dæmi um sérstaklega góð vinnubrögð starfsmanna í leikskólanum. Þar segir ein: “Deilur og ágreiningur er alltaf leystur með umræðum og sátt beggja aðila.”

Þegar starfsfólk er beðið að nefna veikustu hliðar leikskólastarfsins segir einn að engar veikar hliðar séu á leikskólastarfinu og margir (6) svara ekki þessari spurningu. Hinar nefna þrengsl og illa hannað húsnæði, óvissuna um framtíð leikskólans, að sérfræðiaðstoð vanti og einangrun leikskólans frá öðrum leikskólum. Þegar fólk er beðið að tilgreina dæmi um vinnubrögð sem eru ábótavant láta flestir (9) spurningunni ósvarað. Í viðtölum í mars kom fram að fólk virtist nokkuð sátt við starfið og andrúmsloft á vinnustað. Í fyrstu var erfitt að fá fólk til að nefna þætti sem eru ábótavant. Það var ekki fyrr en gengið var hart að fólki að það nefndi ytri þætti sem tengjast rekstri skólans og göllum á hönnun húsnæðis. Þannig virðist sú tilfinning sterk hjá mörgum að þau gera sitt besta við þær aðstæður sem eru til staðar og eru sátt við starf sitt.

## **6. Samskipti og samstarf við umhverfi skólans, þ.m.t. foreldra.**

Í V. kafla, 14.gr. Laga um leikskóla segir: “Leikskólastjóra er skylt að stuðla að samstarfi milli foreldra barnanna og starfsfólks leikskólans með velferð barnanna að markmiði. Sé óskað eftir stofnun foreldrafélags skal leikskólastjóri aðstoða við stofnun þess.”

Starfandi er foreldrafélag við leikskólann, en það tekur þátt í að undirbúa og framkvæma nokkra fasta viðburði með börnum og starfsfólki á hverju ári.

Leikskólinn sendir út fréttabréf 8-10 sinnum á ári. Er þar miðlað almennum upplýsingum sem gilda fyrir allan leikskólann. Markmið þess er að allir foreldrar fái sömu upplýsingar um ýmsa þætti starfsins og hvað er á döfinni hverju sinni.

Leikskólakennarar skrá daglega í fataklefa upplýsingar um helstu viðburði dagsins. Í febrúar árlega eru einkaviðtöl við foreldra allra barnanna. Í þessum viðtölum ræða leikskólakennarar við foreldra barns um stöðu einstaklingsins. Til stuðnings í foreldraviðtölum er eyðublað með ákveðnum umræðupunktum. Má þar nefna: daglegar venjur barnsins heima og í leikskólanum, félagsþroska, málþroska, heyfiþroska, einbeitingarhæfni, tilfinningaþroska. Viðtölin eru skráð.

## **7. Viðhorf foreldra til skólastarfsins.**

Árið 1994 var í tengslum við þróunarverkefni það sem greint er frá í bókinni: “Til þess er leikurinn gerður” (Aðalheiður Valdimarsdóttir o.fl., 1997) gerð könnun á viðhorfum og óskum foreldra til leikskólans. Í ljós kom að foreldrar voru ánægðir með margt í starfi leikskólans. Þegar foreldrar gátu ekki af einhverjum ástæðum svarað nema með “þokkalegt”, “ekki kynnt mér” eða “slæmt” var það skoðað sérstaklega. Starfsfólk ræddi þessi atriði með hliðsjón af hugmyndafræði leikskólauppeldis og foreldrafundur var haldinn þar sem niðurstöður könnunarinnar voru kynntar og skipst var á skoðunum um uppeldi og menntun barna.

Í janúar 1998 lögðu starfsmenn Furuborgar fyrir nýja og endurbætta könnun á viðhorfum og væntingum foreldra í Furuborg. Listi þessi var í stórum dráttum líkur þeim fyrri í uppbyggingu, en smávægilegar breytingar gerðar byggðar á þeirri reynslu er fyrri listi var lagður fyrir foreldra. Svör foreldra hér bentu til þess að þeir væru í aðalatriðum sáttir við starf leikskólans.

## **8. Umbætur í kjölfar verkefnisins: “Gæði í uppeldisstarfi í leikskólanum Furuborg” og áhrif verkefnisins á gæði skólastarfsins.**

Í framhaldi af þróunarverkefninu sem unnið var á árunum 1994-1996 var unnin starfsmannahandbók sem nefnd er Ratsjá. Tilgangur með starfsmannahandbókinni er: “Að á einum stað sé hægt að fá upplýsingar um þær reglur sem gilda í leikskólanum, ásamt upplýsingum um hvaða möguleika vinnustaðurinn býður starfsfólkinu.” Ennfremur er hún einn liður í því að tryggja upplýsingastreymi milli starfsfólksins. Þegar starfsfólk er spurt um hvernig þeim finnst upplýsingastreymi í leikskólanum svara næstum allir (11) að þeim finnst upplýsingastreymið gott. Þó tók ekki nema hluti núverandi starfsfólks (5) þátt í síðasta þróunarverkefni leikskólans. Það má því leiða líkur að því að Ratsjain hafi haft góð áhrif í þá veru að upplýsa starfsfólk um reglur og möguleika í leikskólastarfinu.

Einn þáttur þróunarverkefnisins fólst í því að spurningakönnun var lögð fyrir foreldra. Niðurstöður hennar voru ræddar mjög ítarlega af starfsfólkinu og af foreldrum og starfsfólki. Þetta var mikil hvatning til skoðanaskipta sem hjálpaði báðum aðilum að skilja viðhorf og væntingar hvors annars. Sem getur að hluta skýrt þá sátt sem ríkir um leikskólastarfið þrátt fyrir það óryggi sem ytri aðstæður valda.

## **Niðurstöður**

### Fermetrafjöldi úti og inni fyrir hvert barn er samkvæmt reglugerð

Þegar reiknaður er fermetrafjöldi fyrir hvert barn er annars vegar stuðst við heildar fermetrafjölda leikskólans fyrir hvert barna og hins vegar heildarfermetrafjölda leik- og kennslurýmis fyrir hvert barn. Í Furuborg er heildarfermetrafjöldinn rétt tæplega það sem reglugerðin segir til um. Afur á móti er leik- og kennslurými fyrir hvert barn meira en reglugerðin kveður á um. Starfsmenn leikskólans hafa verið útsjónasamir við skipulagningu á notkun hússins og hafa hagsmunir barnanna og uppeldisstarfsins verið hafðir í fyrirrími. Fermetrafjöldi fyrir hvert barn telst því viðunandi og er leik- og kennslurými sérstaklega gott. Einnig telst fermetrafjöldi útileiksvæðis fyllilega vera í samræmi við reglugerð.

Í hönnun húsnæðis vantar eftirtalin atriði til að ákvæðum reglugerðar sé fullnægt: klósett fyrir börn, geymslupláss, vagnageymslu, kaffistofu fyrir starfsfólk, viðtalsherbergi, undirbúningsherbergi, matvælageymslu og vinnuaðstöðu fyrir börn með sérþarfir.

### Hátt hlutfall leikskólakennara

Hlutfall leikskólakennara af starfslíði leikskólans er 75%, en samkvæmt lögum á allt starfsfólk að vera leikskólakennarar. Þessi hlutfallstala er þó mun hærri en gengur og gerist á Íslandi.

### Barnafjöldi fyrir hvert stöðugildi til fyrirmyndar

Á Furuborg eru um það bil 7 barngildi fyrir hvert stöðugildi leikskólakennara, en reglugerð talar um 8 barngildi. Leikskólinn er því vel staddur og er fyrir neðan þann hámarksfjölda barna sem hver starfsmaður má hafa samkvæmt lögum.

### Leikskólafulltrúa vantar

Samkvæmt reglugerð eiga að starfa leikskólafulltrúar á vegum sveitarfélaganna. Þeir eiga að sinna ráðgjöf og eftirliti með starfsemi leikskóla auk þess að stuðla að samstarfi leikskóla innbyrðis. Ekki er leikskólafulltrúi til staðar fyrir Furuborg.

### Leikskólanefnd með fulltrúa foreldra vantar

Samkvæmt lögum (9.gr.) er Leikskólanefnd stjórnarnefnd leikskóla. Í henni eiga rétt til setu fulltrúi starfsfólks og foreldra. Sú nefnd sem starfar í tengslum við Furuborg er eingöngu inntökunefnd og foreldrar eiga ekki fulltrúa þar.

### Tengsl grunnskóla og leikskóla ekki til staðar

Tengsl milli grunnskóla og leikskólans Furuborgar er ekki til staðar vegna þeirra einstöku aðstæðna að hafa þyrfti samstarf við marga mismunandi skóla, því börnin koma af öllu Stór Reykjavíkur svæðinu. Starfsfólk leggur hins vegar sitt af mörkum til þess að undirbúa börnin undir grunnskólann.

### Markviss stjórnun leikskólans sem er í samræmi við reglugerð

Leikskólastjóri heldur reglulega fundi með starfsfólki um starfsemi leikskólans og velferð hvers barns. Í starfsmannahandbókinni Ratsjá má meðal annars sjá nákvæmt skipulag yfir tilgang og skipulag starfsmannafunda, deildafunda og deildarstjórafundu.

Leikskólastjóri Furuborgar gerir áætlanir um uppeldisstarfið í samræmi við lög um leikskóla. Þróunarverkefnið sem sagt er frá í skýrslunni “Til þess er leikurinn gerður” er liður í því að gera áætlanagerðina markvissari. Starfsfólk spyr spurninga á borð við hvað gerum við, hvers vegna og hvernig. Í framhaldi af þróunarverkefninu var starfsmannahandbókin Ratsjá svo unnin, meðal annars í þeim tilgangi að miðla upplýsingum til starfsfólks svo tryggja megi að fólk vinni í samræmi við áætlanir.

Í þróunarverkefninu unnu starfsmenn námskrá sem greinist í þrjú meginámssvið: þroskamiðað nám, færniamiðað nám og samfélagsmiðað nám. Þessi þrjú megin svið innihalda þá þætti sem koma fram í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla þegar rætt er um markmið leikskólastarfs og uppeldis- og námssviða í leikskólastarfi. Starfsemi Furuborgar er því skipulögð í fullu samræmi við það sem Uppeldisáætlun fyrir leikskóla segir til um.

Í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla kemur fram að mikilvægt er að athuga og meta hvernig áætlanir hafa reynst í framkvæmd, hvort þeim hafi verið framfylgt og hvort þær hafi verkað sem þvingun eða veitt stuðning, uppörvun og ánægju. Starfsmenn Furuborgar endurmeta starf sitt reglulega á deildarfundum starfsmannafundum og á skipulagsdegi á haustönn. Einnig kemur fram að starfsmenn álíta að áætlanir megi aldrei vera í of föstum skorðum. Sveigjanleiki í uppeldisstafinu sé nauðsynlegur innan vissra marka, en endurmeta þurfi daglega. Allir eru þessir þættir í fullu samræmi við það sem stendur í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla.

### Góður starfsandi er í leikskólanum

Starfsfólk segist ánægt í leikskólanum og telur vera góðan starfsanda. Aðspurt í upphafi um ókosti sem tengjast starfinu verður fátt um svör.

Eru þá nefnd atriði er varða rekstur og ytri aðstæður, svo sem hagnýta þætti sem varðar rekstur skólans eða galla á húsnæði. Andrúmsloft leikskólans getur því ekki annað en talist vera jákvætt út frá sjónarhóli starfsmanna.

Viðhorf starfsfólksins og vinnuandinn endurspeglast í því að allir tala um það hversu mikill stöðugleiki er í starfsmannahaldi, en könnun sýnir að í Furuborg hefur um helmingur (6) starfað í innan við 2 ár og tæpur helmingur (5) í meira en 5 ár. Á þessu má sjá að innan við helmingur starfsfólksins hefur starfað í leikskólanum í meira en fimm ár, þó talar starfsfólk um það sem kost hversu mikill stöðugleiki er í starfsmannahaldi skólans. Einnig kemur fram að 5 af þeim sem nú starfa í Furuborg tóku þátt í þróunarverkefninu sem lýst er í “Til þess er leikurinn gerður” en 8 af núverandi starfsmönnum tóku ekki þátt í verkefninu. Stöðugleiki er afstætt hugtak en ég álít þó að þetta geti verið merki þess hversu vel hefur tekist að byggja upp jákvætt og uppbyggilegt andrúmsloft í leikskólanum.

#### Umbætur í kjölfar þróunarverkefnisins.

Meðan á vinnu verkefnisins stóð þurftu starfsmenn meðal annars að spyrja sig spurninga á borð við: hvað erum við að gera, hvers vegna, hvernig og hvenær. Þetta er vinna sem myndar góðan grunn undir starfsáætlun leikskólans og gerir allt starfsfólk meðvitaðra um tilgang og framvindu starfsins. Námskrá leikskólans Furuborgar er byggð á þessari vinnu, en hún greinist í þrjú megin svið náms, þroskamiðað nám, færni miðað nám og samfélagsmiðað nám.

Spurningakönnun sem lögð var fyrir foreldra 1994 í tengslum við þróunarverkefnið varð grundvöllur virkra skoðanaskipta foreldra og starfsfólks. Aukinn skilningur myndaðst milli þessara aðila og breytingar sem báðir aðilar voru sáttir við urðu á starfinu.

Starfsmannahandbókin Ratsjá varð til í kjölfar verkefnisins. Henni er ætlað að tryggja að allir hafi aðgang að upplýsingum um reglur leikskólans og hvaða möguleika leikskólinn hefur upp á að bjóða fyrir starfsmenn sína.

#### Óvissa um framtíð

Óvissa hefur ríkt á undanförunum árum um rekstur leikskóla Sjúkrahúss Reykjavíkur. Þegar hefur leikskólum sjúrahússins verið fækkað og framtíð þeirra sem eftir eru í rekstri þess hefur ekki verið ákveðin. Starfsfólki Furuborgar virðist þó takast nokkuð vel að halda ró sinni. Nokkrar nefna þó í spurningakönnun að þessi óvissa sé óþægileg og ein



nefnir að ekki verði ráðist í nauðsynlegar breytingar á húsnæði eða leikfangakaup meðan ekki er vitað hvað framtíðin ber í skauti sér.

## Heimildaskrá

Aðalheiður Valdimarsdóttir, Anna Harðardóttir, Anna Sigurðadóttir, Anna Kristbjörnsdóttir, Áslaug Benediktsdóttir, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir, Ingigerður Stefánsdóttir og Rán Einarsdóttir (1992) **Vatnið**. Reykjavík: Stofn.

Aðalheiður Valdimarsdóttir, Anna Sigurðardóttir, Gígja Sigurðardóttir, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Hólmfríður Gunnlaugsdóttir, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir, Matthildur Guðbrandsdóttir, Sigprúður Sigurþórsdóttir, Stefanía Pálsdóttir, Þóra Sigríður Ólafsdóttir, Þórhildur Jónsdóttir (1997). **Til þess er leikurinn gerður**. Reykjavík: Furuborg.

Hrafnhildur Sigurðardóttir (1990, júní) Við viljum litrík samskipti. Starfsemin á Furuborg. **Fóstra**, bls 7-9.

Hrafnhildur Sigurðardóttir (1992). Leikum leikinn í Hrafnhildur Sigurðardóttir, Selma Dóra Þorsteinsdóttir og Svandís Skúladóttir (ritnefnd) **Leikur og leikgleði : afmælisrit helgaða Valborgu Sigurðardóttur**. (bls. 113-123). Reykjavík: Fóstrufélag Íslands.

Menntamálaráðuneytið (1993). **Uppeldisáætlun fyrir leikskóla** Markmið og leiðir. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

## Könnun meðal starfsfólks í Leikskólanum Furuborg.

Starf við leikskólann:

- Leikskólakennari
- Leiðbeinandi
- Annað starf í Furuborg

Starfa á:\*

- Hreiðrið
- Kornrið
- Laufið
- Lyngið

\* Afleysingafólk merki við þá deild sem það starfar mest á.

Ég tók þátt í þróunarverkefninu “Til þess er leikurinn gerður” Já  Nei

Ég hef starfað í Furuborg  0-2 ár  3-5 ár  
 6-10 ár  Meira en 10 ár

Leikskólakennarar / leiðbeinendur svara öllum spurningum.  
Aðrir starfsmenn svara eingöngu \* spurningum.

\*1. Hversu sátt ertu við leikskólann Furuborg sem vinnustað?

Mjög sátt      Nokkuð sátt      Er hlutlaus      Fremur ósátt      MJög ósátt

                                                                                      

Athugasemdir: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

\*2. Hversu góð er stjórnun leikskólans að þínum dómi?

Mjög góð      Nokkuð góð      Viðunnandi      Fremur slæm      MJög slæm

                                                                                      

Athugasemdir: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

\*3. Hverjar eru sterkustu hliðarnar í starfi leikskólans?

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

\*4. Hverjar eru veikustu hliðar leikskólastarfsins?

---

---

---

5. Hvernig skipuleggur deildarstjóri starfið á deildinni?

Deildarstjóri skipuleggur alfarið ein	Leitar stundum ráða	Í samvinnu við samstarfsfólk	Allir hittast og skipuleggja saman	Það er ekkert skipulag
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

6. Ert þú ánægð með núverandi skipulag á þinni deild?

Mjög ánægð	Ánægð	Hlutlaus	Óánægð	Mjög óánægð
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

7. Hversu vel tekst þér og samstarfsfólki þínu á deildinni að framkvæma það sem er skipulagt?

Mjög vel	Vel	Sæmilega	Illa	Mjög illa
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

\*8. Hversu ánægð ertu með hvernig staðið er að ákvörðunum um starfið í leikskólanum?

Mjög ánægð	Ánægð	Hlutlaus	Óánægð	Mjög óánægð
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

\*9. Hvaða sérstöðu í uppeldisstarfinu finnst þér Furuborg hafa miðað við aðra leikskóla?

---

---

---

10. Ertu sátt við þau vinnubrögð sem þú beitir í uppeldisstarfinu?

Mjög sátt      Sátt      Veit ekki      Ósátt      MJög ósátt  
                       

Athugasemdir: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

11. Ertu sátt við uppeldisstarfið á öllum deildun leikskólans?

Mjög sátt      Sátt      Hlutlaus      Ósátt      MJög ósátt  
                       

Athugasemdir: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

12. Hvað finnst þér mikilvægast að börnin læri í leikskólanum?

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

13. Hvernig finnst þér upplýsingastreymi innan leikskólans vera?

Mjög gott      Nokkuð gott      Viðunandi      Fremur slæmt      MJög slæmt  
                       

Athugasemdir: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

\*14. Hvernig skynjar þú almennt andrúmsloftið í starfsmannahópnum?

Mjög jákvætt,  
hlýtt,  
vingjarnlegt      Jákvætt      Hvorki jákvætt  
né neikvætt      Neikvætt      MJög neikvætt  
kalt,  
fjandsamlegt  
                       

Athugasemdir: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

15. Hvernig eru samskipti fullorðinna sem vinna í leikskólanum?

Mjög góð      Góð      Veit ekki      Slæm      MJög slæm  
                       

16. Hvernig eru samskipti milli barna í leikskólanum?

Mjög góð      Góð      Veit ekki      Slæm      MJög slæm

17. Hvernig eru samskipti milli fullorðinna og barna í leikskólanum?

Mjög góð      Góð      Veit ekki      Slæm      MJög slæm

                      

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

\*18. Getur þú tilgreint dæmi um sérstaklega góð vinnubrögð starfsmanna í leikskólanum?

\_\_\_\_\_

\*19. Getur þú tilgreint dæmi um vinnubrögð í uppeldisstarfinu sem eru að þínum dómi ábótavant?

\_\_\_\_\_

20. Hvaða skoðun hefur þú á vinnuaðstöðu inni á þinni deild?

Mjög góð      Góð      Hvorki góð né slæm      Slæm      MJög slæm

                      

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

21. Hvaða skoðun hefur þú á lóð leikskólans?

Mjög góð      Góð      Hvorki góð né slæm      Slæm      MJög slæm

                      

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

22. Hversu sátt ert þú við það fyrirkomulag að starfrækja 4 litlar deildir í leikskólanum?

Mjög sátt      Nokkuð sátt      Hef ekki skoðun      Fremur ósátt      MJög ósátt

                      

23. Hversu sátt ert þú við dvalartíma barnanna í Furuborg?

Mjög sátt      Nokkuð sátt      Skiptir ekki máli      Fremur ósátt      MJög ósátt

24. Hversu sátt ert þú við það fyrirkomulag sem er á vinnutíma starfsfólksins í Furuborg?

Mjög sátt	Nokkuð sátt	Er hlutlaus	Fremur ósátt	Mjög ósátt
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

25. Ert þú ánægð með það sem börnin hafa lært í leikskólanum þegar þau útskrifast þaðan?

Mjög ánægð	Ánægð	Veit ekki	Óánægð	Mjög óánægð
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

26. Hversu oft endurmetur starfsfólk deildarinnar hvernig til tókst í uppeldisstarfi á deildinni?

Mjög oft	Oft	Í einstökum tilvikum	Sjaldan	Aldrei
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Greindu frá matsaðferðum sem beitt er:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

27. Finnst þér vera samræmi í uppeldisstarfinu á milli deilda í leikskólanum?

Mikið samræmi	Nokkurt samræmi	Samræmi í einstökum málum	Fremur lítið samræmi	Ekkert samræmi
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

- \*28. Leitar þú aðstoðar / ráða hjá samstarfsfólki í leikskólanum þegar eitthvað bjátar á í starfi?

Mjög oft	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

29. Hvernig telur þú að viðtöl leikskólastjóra við alla starfsmenn Furuborgar í febrúar 1998 hafi nýst? (starfsmannaviðtöl)

Mjög vel  Vel  Veit ekki  Illa  MJög illa

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

30. Hversu vel þekkir þú innihald ratsjárinnar?

Mjög vel  Vel  Veit ekki  Illa  MJög illa

31. Hversu oft í mánuði flettir þú upp í ratsjánni?

0-2 sinnum í mánuði  meira en 9 sinnum í mánuði  
 3-5 sinnum í mánuði  
 6-8 sinnum í mánuði

- \*32. Ert þú ánægð með búnað, tæki og gögn í leikskólanum?

Mjög ánægð  Ánægð  Veit ekki  Óánægð  MJög óánægð

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

- \*33. Ert þú ánægð með vinnuaðstöðu starfsmanna í skólanum?

Mjög ánægð  Ánægð  Veit ekki  Óánægð  MJög óánægð

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

34. Ertu ánægð með samstarf leikskólakennara / leiðbeinenda við foreldra?

Mjög ánægð  Ánægð  Veit ekki  Óánægð  MJög óánægð

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

35. Hvernig stendur leikskólinn í samanburði við aðra leikskóla (gæði innra starfs) að þínum dómi?

Mjög vel  Nokkuð vel  Svipað og aðrir  Nokkuðilla  MJög illa

Athugasemdir: \_\_\_\_\_



\_\_\_\_\_

\*36. Hvað finnst þér helst þurfa að bæta í þessum skóla?

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\*37. Annað sem þú vilt taka fram:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Bestu þakkir!

# Námsleiðir í Furuborg

